

Fréttabréf



Hjalparstarf
kirkjunnar
actalliance

1. tölublað 2026



Hjálpumst að heima og heiman

Við sendum þér 3.500 kr. valgreiðslu í heimabankann
svo þú getir hjálpað þeim sem þurfa á því að halda



Eitt starfssvæða Hjálparstarfsins í þróunarsamvinnu er í Eþíópíu. Hér er Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri í vettvangsferð þar í landi í febrúar síðastliðinn.

Að veita von í brothættum heimi

Í starfi Hjálparstarfs kirkjunnar mætum við manneskjum í alls konar aðstæðum, bæði í starfi á Íslandi og erlendis. Erfiðleikar og þjáning er daglegt brauð hjá sumum, sumir lifa við stríð, hörmungar og óöryggi. Að hafa von við slíkar aðstæður er ekki bara gott heldur lífsnauðsynlegt.

Í starfi okkar byrjum við að byggja upp von með því að greina stöðuna og horfast í augu við raunveruleikann. Við lítum ekki undan þjáningu né fegrum hana. Við hlustum. Við viðurkennum missi, ótta og sorg. Þessi heiðarleiki er fyrsta skrefið í að byggja upp traust. Fólki finnur von þegar það upplifir að einhver sjái aðstæður þess eins og þær eru og standi með því.

Með því að virða mannlega reisn skapast von. Starf okkar snýst ekki aðeins um að útvega mat, skjól eða bjarga mannlífum. Það snýst um að segja, með orðum og verkum: „Þú skiptir máli.“ Þegar manneskja fær að taka þátt í eigin endurreisn, þegar rödd hennar er virt og hæfni hennar viðurkennd, kviknar von um framtíð sem snýst um meira en bara að lifa af.

Við stöndum fyrir aðgerðum sem valdefla fólk. Aðgerðum sem draga fram styrk þess, byggja upp sjálfsmynd og getu til að skapa sína eigin framtíð. Í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð kviknar von þegar hreint vatn er tryggt, öruggt skjól og sálfélagslegur stuðningur er veittur. Þá getur samfélag smám saman staðið á eigin fótum.

Í þessum aðgerðum felast skilaboð um að þó að aðstæður séu mjög erfiðar í augnablikinu er von um betri framtíð.

Starfið snýst ekki aðeins um að bregðast við neyð, heldur að byggja upp viðnámsprótt, frið og réttlæti. Þannig sköpum við grundvöll fyrir stöðugri, sanngjarnari og mannúðlegri framtíð. Von verður til í samskiptum, þegar við stöndum saman hlið við hlið og berum ábyrgð saman. Í starfi okkar sjáum við að von berst frá manni til manns, frá samfélagi til samfélags.

Starf Hjálparstarfs kirkjunnar heima og að heiman er yfirlýsing um að líf, reisn og framtíð hvernar manneskju skiptir máli og með hverri aðgerð sem við tökum þátt í hjálpum við til við að móta þá framtíð sem fólk vonast eftir.

Þú getur verið með í að skapa von. Þáskasöfnun Hjálparstarfsins er fram undan og vefgreiðsla birtist í heimabanka landsmanna í tengslum við hana en þú getur jafnframt lagt okkur lið á annan hátt í gegnum heimasíðu okkar.

Með fyrirfram þökk,

Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri.



Brunnur getur breytt aðstæðum stórra hópa til batnaðar; fæðuöryggi eykst og stúlkur geta sótt skóla í stað þess að eyða klukkustundum í vatnsburð á hverjum degi.

Farmingarbörn hafa safnað í aldarfjórðung

Börn í fermingarfræðslu þjóðkirkjunnar gengu í hús í fleiri en 50 sóknum um land allt í nóvember síðastliðnum. Börnin gáfu þannig af tíma sínum til að safna fé til verkefna Hjálparstarfsins í Afríku.

Alls söfnuðu fermingarbörnin tilvonandi 7.829.398 kr. og er framlag þeirra og fólksins sem tók vel á móti þeim afar dýrmætt. Prestar, annað starfsfólk kirkna, foreldrar og síðast en ekki síst börnin sjálf lögðu á sig mikla vinnu við söfnunina og er framlag þeirra ómetanlegt.

Söfnunin í fyrrahaust var sú tuttugasta og fimmta í röðinni en hugmyndin að þessu samstarfi Hjálparstarfsins við söfnuði og kirkjur landsins kviknaði árið 1999. Hún var borin bréflega undir presta um allt land þá um haustið og var afar vel tekið. Safnanir fermingarbarna hafa síðan þá verið árlegur viðburður, ef haustið 2020 er tekið út fyrir sviga þegar ekki var safnað með formlegum hætti vegna sóttvarna í heimsfaraldri.

Vatnsverkefni Hjálparstarfsins horfir helst til verkefnasvæðisins í Eþíópíu. Stærsta verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í þróunarsamvinnu er þar með sárafátækum sjálfsþurftarbændum en landið er í 180 sæti af 193 á lífskjaralista Sameinuðu þjóðanna (2023).

Meginmarkmið verkefnisins eru að bæta aðgengi að drykkjarhæfu vatni, að fólkið geti aukið fæðuöryggi sitt með skilvirkum aðferðum í landbúnaði og umhverfisvernd og að styrkja stöðu kvenna, samfélaginu öllu til farsældar. Brunnar hafa verið grafnir en þar sem það er ekki mögulegt eru grafnar vatnsprær fyrir regnvatn. Stíflur og veggir í árfarvegum eru reist til að halda regnvatni í farvegi og hefta eyðimerkurmyndun.



Hundruð fjölskyldna þurfa aðstoð ár hvert

Eins og mörg undanfarin ár voru umsækjendur um jólaaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar fjölmargir. Þegar allt er talið undangengin þrjú ár sóttu á milli sextán og sautján hundruð fjölskyldur um aðstoð Hjálparstarfsins til að geta gert sér dagamun og glaðst um hátíðirnar.

Þegar rýnt er í gögn Hjálparstarfsins um aðstæður fólksins sem leitaði eftir aðstoð kemur í ljós að mikill meirihluti býr í leiguhúsnæði. Langstærsti hópurinn leigði íbúð á almennum markaði. Nú sem fyrr blasir því við að húsnæðiskostnaður er meginástæða þess að fólk nær ekki endum saman. Aftur og aftur sjá félagsráðgjafar Hjálparstarfsins dæmi þess að þegar húsaleiga hefur verið greidd stendur aðeins lítill hluti greiddra launa eftir.

Þetta er þó ekkert nýtt. Svo langt sem horft er aftur koma sömu ástæður í ljós fyrir bágrí stöðu fólks. Því er fólk sífellt að glíma við sömu draugana sem er ekki síst ógnarhár húsnæðiskostnaður.

Börnin ganga fyrir

Sú regla er viðhöfð hjá Hjálparstarfinu við útteilingu aðstoðar á aðventunni að barnafjölskyldur ganga fyrir við úthlutun. Því stendur stór barnahópur að baki þeim umsóknum sem Hjálparstarfinu berast á aðventunni. Það er reynsla félagsráðgjafa Hjálparstarfsins að hið minnsta séu þrjú börn að meðaltali að baki hverri fjölskyldu sem fær aðstoð. Kemur það til vegna þess að allstór hluti þeirra fjölskyldna sem fá aðstoð eru af erlendum uppruna og margar þeirra barnmargar. Má hiklaust gera ráð fyrir að á bilinu fjögur til fimm þúsund manns, börn og fjölskyldur þeirra, hafi notið aðstoðar Hjálparstarfsins fyrir jólin nú og fyrir jólin á tímabilinu 2022 til 2025.


Fyrir jólin 2022 sóttu 1.913 fjölskyldur um aðstoð Hjálparstarfsins. Árið 2023 voru fjölskyldurnar 1.860 og 1.809 fyrir jólin 2024. Fyrir nýliðin jöl leituðu 1.747 fjölskyldur til Hjálparstarfsins eftir stuðningi.

Árin þar á undan voru fjölskyldurnar öllu færri eða um 1.400 fjölskyldur að meðaltali á árabilinu 2011 – 2021. Má í því samhengi minnst þess að hrúnárin 2009 og 2010 leituðu um og yfir 4.000 fjölskyldur til Hjálparstarfsins hvort ár.


Gjafir í þúsunda vís

Eitt af mikilvægustu verkefnum Hjálparstarfsins ár hvert er að miðla fallegum jólagjöfum til barna sem búa við fátækt. Þessi jólin, eins og öll fyrri jöl, skipta gjafirnar þúsundum sem starfsmenn og sjálfboðaliðar hafa tekið á móti og miðlað áfram til stórs hóps barna.


Gjafirnar tryggja að undir jólatré í stofu fjölmargra fjölskyldna verður glaðningur sem ekki hefði verið þar að finna að öðrum kosti. Ef nákvæmni er gætt þá voru gjafirnar um tvöþúsund og fimmhundruð talsins sem voru opnaðar á aðfangadag af um 650 börnum sem búa við fátækt. Forráðamenn barnanna geta valið um tvær til fjórar gjafir fyrir hvert barn; leikfang, bók, spil eða hlýjan fatnað. Því til viðbótar geta margir valið smærri gjafir sem henta vel til þess að setja í skóinn í aðdraganda jóla, þó þær séu ekki taldar með hér.





Ástæða umsóknar



Kynjaskipting



Þjóðerni





Skjólið opnaði í miðjum heimsfaraldri og þá komu saman þáverandi biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir og sitjandi forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson. Hér ásamt þeim er umsjónarkona Skjólsins, Rósa Björg Brynjarsdóttir.

Griðastaður í amstri dagsins

Þegar skammt var liðið á árið 2019 vakti fyrrverandi biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir, máls á því á fundi kirkjuráðs að þjóðkirkjan beitti sér fyrir opnun dagseturs fyrir heimilislausar konur. Hugmyndinni var strax vel tekið og undirbúningur að stofnun þess hófst. Skjólið, eins og dagsetrið var nefnt, opnaði dyr sínar í fyrsta skipti rétt nær tveimur árum síðar eða 25. febrúar 2021 í kjallara Grensáskirkju.

Skjólið á því fimm ára afmæli um þessar mundir. Þessi ár hefur Þjóðkirkjan og Hjálparstarf kirkjunnar boðið konur sem búa við heimilisleysi, eru nýkomnar í búsetuúrræði eftir heimilisleysi eða búa við ótryggar aðstæður, velkomnar. Í Skjólinu geta konurnar hvílt sig, borðað saman auk þess sem þeim stendur til boða hreinlætisaðstaða. Þá eru starfskonur Skjólsins til staðar til að sinna þörfum kvennanna fyrir samveru og nánd.

Á þessum fimm árum sem Skjólið hefur verið starfrækt hafa 166 konur heimsótt Skjólið en þær eru á aldrinum 18 – 74 ára. Eins og nafnið gefur til kynna er konunum veitt skjól ásamt því að uppfylla grunnþarfir þeirra fyrir næringu,

hvíld og hreinlæti. Í Skjólinu upplifa konur stöðugleika, þær upplifa sig síður einangraðar og fá að tilheyra. Konunum er mætt með hlýju þar sem skaðaminnkandi hugmyndafræði og áfallamiðuð nálgun er höfð að leiðarljósi.

Reynslan hefur sýnt að konunum finnst nauðsynlegt að geta komið í Skjólið á daginn, hitt þar aðrar konur og fá samveru, hlýju og góðan mat. Þær upplifa öryggi og líta á Skjólið sem griðastað þar sem ríkir ró og næði sem er þeim, eins og okkur öllum, nauðsynlegt í amstri dagsins.

„Starfskonur sinna öllum í Skjólinu með kærleik í hjarta, þær eru samviskusamar og tilbúnar að taka á móti þeim sem

minna mega sín. Þær rétta út hönd sína okkur til stuðnings.“ Svo hljóðar lýsing konu sem sækir Skjólíð reglulega en konurnar eru ánægðar með skýrar reglur sem þar gilda. Þær kunna ekki síður að meta stuðninginn sem þær fá til að gera betur og upplifa að þær séu einhvers virði.

Frá upphafi hefur starfið í Skjólinu verið unnið á forsendum kvennanna sjálfra og þeim mætt á þeim stað sem þær eru hverju sinni. Til viðbótar við hversdagslegt amstur geta konurnar mælt sér mót við fagaðila, hvort sem það er vegna umsýslu innan félagslega kerfisins eða þegar þær þurfa að leita sér þjónustu heilbrigðiskerfisins. Þetta auðveldar þeim að sækja þjónustu sem þær eiga rétt á, en myndu oft neita sér um að öðrum kosti. Þau sem veita þjónustuna, telja Skjólíð mikilvægan hlekk í því að tryggja öryggi þessa viðkvæma hóps.



Í Skjólinu er leitast við að mynda heimilislegar aðstæður fyrir konurnar sem þangað leita. Þegar rólegt er kjósa margar þeirra að grípa í bók.

Kjarna þessa má finna í orðum félagsráðgjafa sem sagði í bréfi til mín að hennar skjólstæðingur fengi í Skjólinu „allan alhliða stuðning s.s. varðandi líkamlega umhirðu, andlegan stuðning í formi samtala og hvatningar en ekki síst leiðbeiningar við að finna út úr réttindamálum og aðstoð við að hafa samskipti við aðrar stofnanir. Í mínu starfi hefur starfsemi Skjólsins spilað lykilhlutverk við að koma málum skjólstæðings míns í réttan farveg í átt að betri líðan.“

Sjálf get ég sagt að hér hjá okkur í Skjólinu hef ég fundið að konurnar upplifa öryggi; að það hafi, eins og þær orða það, „bjargað lífinu“ að geta komið í Skjólíð.

Höfundur er umsjónarkona Skjólsins.



Á hverjum degi er boðið uppá heitan heimilismat í hádeginu sem matreiddur er af umsjónarkonum Skjólsins. Hér eru við matseld þær Rósa og Una sem hafa starfað í Skjólinu frá opnun.



Líf þeirra kvenna sem glíma við heimilisleysi er stundum nær óbærilega erfitt. Í Skjólinu leita konurnar eftir stuðningi sem fæst jafnvel úr óvæntri átt; eða frá þeim konum sem deila með þeim kjörum.



Okkur líður bara vel núna

Gertrude hefur komið sér vel fyrir í húsinu sem hún fékk úthlutað 2023. Þó húsið sé lítið þá segist hún hafa allt sem hún þarf.

Gertrude Nansamba er 68 ára gömul og er HIV smituð. Hún er ekkja sem býr í þorpinu Nakaseeta í Lyantonde. Fyrir rúmum tveimur árum bjó hún ásamt barnabörnunum sínum í niðurníddu hreysi en nýtt hús hefur breytt öllu í lífi þeirra til batnaðar.

Gertrude heldur heimili með fjórum barnabörnum sínum sem eru á aldrinum sex til þrettán ára. Dóttir hennar og eiginmaður skildu börnin eftir hjá henni og árum saman hefur hún reynst sitt besta til að sjá þeim farborða.

Börnin elska skólann

Gertrude er bóndi og ræktar grænmeti á litlum skika, sem er fjarri því að duga til þess að hún geti framfleytt fjölskyldunni eins og hún telur sæmandi. Börnin sækja hins vegar öll skóla með ærnum tilkostnaði fyrir Gertrude.

„Börnin elska að vera í skóla – þau vilja verða læknar eða hjúkrunafræðingar, og enska veit ég að er í uppáhaldi. Okkur líður bara vel núna eftir að við fengum húsið,“ segir Gertrude.

Aðspurð segir hún að maísvellingur er það eina sem þau geta leyft sér að borða, með fáeinum undantekningum. Grænmeti sem hún ræktar og annað sem fellur til kemur Gertrude í verð. Þeir peningar renna að mestu, og stundum að öllu leyti, til greiðslu á skólagöngu barnanna.

Gertrude er HIV smituð en segist líða vel.

„Ég fæ lyf sem ég þarf ekki að borga fyrir,“ segir hún en bætir við að hún neitar sér um lyf fyrir aðra kvilla sem á fjölskylduna sækja enda þarf hún að borga þau sjálf.



Gertrude fékk úthlutað húsið árið 2023 og hefur líf fjölskyldunnar tekið stakkaskiptum síðan.

Yfir 200 hús hafa risið

Frá árinu 2001 hefur Hjálparstarfið aðstoðað HIV smitaða, alnæmissjúka, aðstandendur þeirra og eftirlifendur upp til sveita í Úganda. Á árinu 2025 fengu átta fjölskyldur sem bjuggu við sára neyð múrsteinshús til afnota, ásamt

því að fá innbú og verkfæri til að yrkja lítinn jarðskika við húsið. Svo verður einnig á yfirstandandi starfsári en í upphafi verkefnisins voru allt að 20 slík hús reist innan hvers starfsárs. Þegar allt er talið hefur Hjálparstarfið reist 206 hús í Úganda og verða þau orðin 214 í lok árs.



Gertrude ásamt barnabörnunum sínum við hreysið sem hún bjó í lengi. Myndin er tekin rétt áður en þau fluttu í nýja húsið.


Skjólstæðingar verkefnisins eru jaðarsettir hópar, fyrst og fremst börn sem líða skort vegna HIV og alnæmissjúkdómsins. Börnin hafa sum hver misst foreldra sína afvöldum alnæmis og búa ein eða þau búa með lasburða HIV-smituðum foreldrum eða jafnvel með ömmum sínum sem misst hafa börn sín og hafa barnabörnin á framfæri

sínu en búa við sárafatækt. Þá eru fatlaðir einstaklingar í auknum mæli meðal skjólstæðinga verkefnisins.

Áhersla er lögð á að bæta lífsskilyrði fólksins sem býr við nístandi skort með því að reisa múrsteinshús sem eru útbúin grunnhúsbúnaði og eldaskála með hlóðum sem spara eldsneyti og reistir eru kamrar við hlið húsanna.



Það er ekki mikill íburður í eldhúsinu hennar Gertrude en hún hefur allt sem hún þarf.





Hinda Nour við störf í kaffihúsinu sínu í febrúar 2026. Hún hefur í hyggju að færa út kvíarnar og bjóða fjölbreyttari veitingar en ætlar ekkert að framkvæma fyrr en hún hefur safnað upp smá sjóði.

Draumurinn um kaffihúsið varð að veruleika

Sparnaðar- og lánaþópar kvenna er einn verkþáttur stærsta verkefnis Hjálparstarfs kirkjunnar í þróunarsamvinnu. Hópvinnan hefur gengið afar vel og fjölmargar konur fengið verkfæri í hendur til að byggja sér betri framtíð. Draumar rætast, eins og starfsmenn Hjálparstarfsins hafa sannreynt.

Verkefnið er unnið með sárafátækum sjálfsþurftarþæmdum í Sómalífyliki Eþíópíu. Meginmarkmið verkefnisins eru að bæta aðgengi að drykkjarhæfu vatni, að fólkið geti aukið fæðuöryggi sitt með skilvirkum aðferðum í landbúnaði og að styrkja stöðu kvenna, samfélaginu öllu til farsældar.

Árangur umfram væntingar

Í sparnaðar- og lánaþópum innan verkefnisins fá konur fræðslu um hvernig best sé farið af stað með eigin rekstur. Eftir fræðslu og þjálfun hefja margar kvennanna að reka litla búð, stunda sauð- og geitafjárhald, hænsnarækt og rækta grænmeti. Konur sem taka þátt í verkefninu hafa talað um að þær hafi fjárráð og ákvörðunarvald en það var nær óþekkt að konur hefðu slíkt frelsi á verkefnasvæðunum áður.

Allt frá því að stofnað var til þessara hópa hefur starfsfólk Hjálparstarfsins fengið það ítrekað staðfest að starfið gefur afar góða raun. Jafnvel langt umfram það sem væntingar stóðu til í upphafi, má segja.

Hyggst opna kaffihús

Í vettvangsferð Hjálparstarfsins til Eþíópíu í mars 2025 hitti Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri Hjálparstarfsins, hóp kvenna sem eru þátttakendur í sparnaðar- og lánaþópi í Gobýar, bæjarfélagi í Awbarre, nýju verkefnasvæði Hjálparstarfsins sem hófst í janúar 2025. Konurnar eru á öllum aldri og félagsleg staða þeirra ólík en upplifun þeirra af þátttöku í verkefninu var jákvæð.

Ein þeirra sem Bjarni hitti í mars 2025 var Hinda Nour Akte sem er níu barna móðir. Eiginmaður hennar er bílstjóri að atvinnu og börnin á aldrinum níttján til fjögurra ára, fimm stúlkur og fjórir drengir.

Þá aðspurð um hvernig það hefði atvikast að hún ákvað að taka þátt í verkefninu sagðist hún hafa sótt fræðslufund verkefnisstjórans. Hann hafi frætt stóran hóp kvenna um tilgang og markmið sparnaðar- og lánaþópanna.



Konurnar hafa flestar tekið framkvæmdalán og hafa gjörbreytt aðstæðum fjölskyldna sinna.

„Okkur leist strax mjög vel á og fannst mér þetta mjög spennandi. Ég var valin til að vera í einum hópnum, en það eru fimmtán konur í hverjum hóp og innan hans var ég síðan valin til að bera þá ábyrgð að vera gjaldkeri. Við erum nýbyrjaðar. Bara búnar að safna í eina viku en erum strax komnar með 7.500 birr í kassann (um 7.500 íslenskar krónur),“ sagði Hinda Nour sem bætti við að þegar sá tími kæmi að hún ætti rétt til þess að taka framkvæmdalán úr söfnunarsjóðnum þá hyggðist hún opna kaffihús.

„Það er engin hætt á að eiginmaður minn taki af mér peninginn. Hann styður hugmynd mína og hjálpar mér að spara. Ég vil svo taka fram að starfsfólk verkefnisins kemur mjög vel fram við okkur og ég er handviss um að við munum allar ná árangri,“ sagði Hinda Nour í mars 2025.

Draumurinn rættist

Nú ber svo við að Bjarni hitti Nindu Nour á ný í vettvangsferð til Eþíópíu í febrúar síðstliðnum, rétt um ári eftir að fundum þeirra bar upphaflega saman.

Hún fékk lánið umtalaða eins og hún hafði vonast eftir; 30.500 birr (30.500 krónur) og er jafnframt strax byrjuð að borga til baka. Þegar hún settist niður með Bjarna var hún þá búin að greiða helming lánsins til baka og ætlaði sé að borga eftirstöðvarnar í lok apríl.

Nú hefur draumur hennar um að opna kaffihús, og hún sagði Bjarna frá, ræst.

„Ég er alsæl, tekjurnar sem ég fæ núna tryggir börnunum fjölbreyttari mat og aðstæður eru betri en áður. Öll börnin fara í skóla,“ segir Hinda Nour sem bætir við að hún hafi á teikniborðinu áætlun um að stækka kaffihúsið. Hún vill færa út kviarnar, bjóða fjölbreyttara bakkelsi og mat en aðeins þegar hún hefur safnað upp sjóði til að greiða fyrir stækkun kaffihússins. Hún veit ekki nákvæmlega hvenær það verður, en sennilega er þess ekki langt að bíða því núna selur hún te, kaffi og nokkurs konar kleinur og er hún er sú eina í þorpinu sem hefur slíkt á boðstólnum.

„Mig langar að bæta við mörgum vörutegundum og hafa góða þjónustu. Innkoman mín af kaffihúsinu er um 1.300 birr á dag þegar ég er búin að borga allan kostnað,“ segir Hinda Nour og bætir við að kaffihúsið færi þeim lífsgæði sem hún og fjölskylda hennar naut ekki. Sjálf hrökklaðist hún snemma úr skóla og þurfti að leggja foreldrum sínum lið við brauðstritið en faðir hennar lést ungur og hún og móðir hennar hafa þurft að standa saman til að komast í gegnum erfiðleika sem fylgir sárafatækt.

„En nú er framtíð okkar björt og það er allt kaffihúsinu mínu að þakka“, segir Hinda Nour.





Hinda Nour segist vera alsæl með kaffihúsið sitt og ekki síður breytinguna á högum fjölskyldunnar sem hafa fylgt.

Þökkum stuðninginn!

REYKJAVÍK

A. Margeirsson ehf
Alba gistiheimili
Altak - Artic ehf
Apparat ehf
ARGOS ehf-Arktitektastofa Grétars og Stefáns
Arnar Vilhjálmur Arnarsson
Atlantsflug ehf
Atvinnueign ehf
Augnlæknar Reykjavíkur ehf
ÁM-ferðir ehf
B&B gluggatjaldahreinsun ehf
B.B.bílaréttingar ehf
Bako Verslunartækni
Bananar ehf
Bastard Brew & Food - bastard.is
BBA FJELDCO ehf
Bífreiðaverkstæði Grafarvogs ehf, s: 577 4477
Biobú ehf, lífrænar mjólkurvörur
Birtingur ehf
Bíl - Pro ehf
Bílahöllin-Bílarýðvörn hf
Bílamálin Sigursveins Sigurðssonar
Bílasmiðurinn hf
Blómabúðin Hlíðablóm
Blómagallerí
Borg fasteignasala ehf
Bókabúðin Sjónarlind
Bókhaldsþjónusta Júlíönu ehf
Bókhaldsþjónustan Rúnir ehf
Bókhaldsþjónustan Örninn ehf
Brunahönnun slf
BSI bífreiðaverkstæði ehf
BSRB - bandalag starfsmanna ríkis og bæja
Bustravel Iceland ehf
Bygg Ben ehf
Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf
Bæjarins bestu sf
CrossFit Reykjavík
Daddi's pizza
Dalfoss ehf
Danska kráin
Devitos Pizza ehf
Eðallflutningar ehf
EEV Framkvæmd og ráðgjöf ehf
Efling stéttarfélag
Einar Sigurjónsson lögmaður
Eiríkur rauði ehf
Eldhús sælkerans ehf
Eyri-endurskoðun ehf - erh.is
Felgur smíðja ehf
Félag slökkviliðs- og sjúkraflutningsmanna
Fjallamenn-Mountaineers of Iceland
Fold uppboðshús ehf
Framvegis-miðstöð símenntunar
G P Skartgripir og úr
Gastec ehf
Gaui Pip ehf
GB Tjónaviðgerðir ehf
Gilbert úrsmiður - jswatch.com
Glitir ehf
Gnýr ehf
Gólfefnavef ehf
Grænn markaður ehf
Gull og silfur ehf
Gullnesti ehf
Gæðabakstur og Ömmubakstur
Hagi ehf - Hilti
Hampiðjan hf
Henson sports
Hið íslenska bókmenntafélag
Hjúkrunarheimilið Eir
Hjúkrunarheimilið Skjól
Hljóðbók slf
Hókus Pókus ehf
Hreinsitækni ehf
Húsaklæðning ehf - husco.is
Höfðakaffi ehf
Iclean ehf
Intellecta ehf
Ísland Apartments
Íbúðagisting.is
Ísbúðin Fákafeni ehf
Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf
Ís-spor ehf
Íþróttasamband fatlaðra
J.E. 101 ehf
Jón og Óskar úra- og skartgripaverslun
JYSK
Jökulá ehf
K. H. G. Þjónustan ehf
Kjöreign ehf, fasteignasala
Kjöthöllin ehf
Klettur-Skipaafgreiðsla ehf

Kólus ehf
Kurt og Pi ehf
Lagamál ehf
Lagnalist ehf
Landsmennt fræðslusjóður
Landssamband lögreglumanna
Leir og postulín ehf
Litsýn ehf
Límré Vírnet ehf
Læknahúsið Dea Medica ehf
Lögræðiþj. Sigurðar Sigurjónssonar hrl
Lögmannafélag Íslands
Lögskil ehf
Máttarstólpi ehf
Meba- úr og skart
Millimetri sf
Misty verslun
MS Armann skipamiðlun ehf
Múrarameistarafélag Reykjavíkur
Navis ehf
Neskirkja
NETIÐ ráðgjöf - Veitingastadir.is
Visitorsguidetravel.is
Nýbyggð ehf
Nýi tónlistarskólinn
Okkar Borg - Sigfús Aðalsteinsson
Olíudreifing ehf
Orka ehf
Ortis tannréttingar slf
Ottó B. Arnar ehf
Ólafur Þorsteinsson ehf
Ósal ehf
Óskaskrín ehf
Parlogis hf
Pixel ehf
Pípulagnþjónusta Reykjavík ehf
Pökkun og flutningar ehf
Raflox ehf
Rafmennt ehf
Rafstjórn ehf
Raftvistur ehf
Reiðhjólaverzlunin Berlín
Reykjavíkurborg
Reykjavíkurprófestsdæmi eystra
Reyktal þjónusta ehf
Reykvískir lögmenn slf
Rima Apótek
Ríkismennt fræðslusjóður
Rolf Johansen & Co ehf
Samskip hf
Samtök atvinnulífsins
Saumsprettan ehf
Sjúkraliðafélag Íslands
Skipaþjónusta Íslands ehf
Skipulag og stjórnun ehf
Skolphreinsun Ásgeirs sf
Skóvinnustofan
Smith og Norland hf
Sólbaðstofan Smart ehf
Spektra ehf
Spör ehf, auglýsingastofa
Svarta Kaffið kaffihús
Tannálfur, tannlæknastofa
Tannval Kristínar Gíglu
Tark - Arkitektar
TCM Innheimta ehf
Teikna - teiknistofa arkitekta ehf
Tensio ehf
Tékkland bífreiðaskoðun ehf
THG arkitektar ehf
Tónastöðin ehf
Trackwell hf
Trésmiðja Pálma ehf / Pálmi Ingólfsson
Trévirki ehf
Túnþökupjónustan ehf
Tækniþjónusta ehf - Computer.is
Tölvu- og verkfræðiþjónustan
Tösku- og hanskabúðin ehf
Úðafoss ehf, efnaaug
Úti og inni sf
Vatnaskil ehf
VDO ehf
Veðiþjónustan Strengir
Verkhof ehf
Verslun Guðsteins
Verslunin Vínberíð
Vélar og verkfæri ehf
Vélvík ehf
Vilhjálmsson sf, heildverslun
Vikurvagnar ehf
VK verkfræðistofa ehf
Vörukaup ehf
Woolroom.is
Würth á Íslandi ehf
XCO ehf
Þór hf

SELTJARNARNES
Horn í horn ehf, parketlagnir

KÓPAVOGUR

ALARK arkitektar ehf
Allt-af ehf
Arkís arkitektar ehf
Arnardalur sf
Bak Höfn ehf
Bílasprautun og réttingar Auðuns
Bjartur rafverktaki ehf
Bliki bílamálin og réttingar ehf
Blikkarinn ehf, blikksmiðja
Blikksmiðjan Vík ehf
Cafe Catalina
Cozy Campers ehf
Digranes- og Hjallakirkja
Eignarhaldsfélagið Normi ehf
Einar Ágústsson & Co ehf
Elfa og Ásgeir tannlæknar s: 564 6250
EL-X rafverktakar ehf
Ég C gleraugnaverslun
Félag stjórnaenda
Fuglar ehf
goddí.is
GR Verk ehf
Hafið-fiskverslun ehf
Hilmar Bjarnason ehf, rafverktaki
Hjallakirkja
Hreinir Garðar ehf
Ingi hópferðir ehf
Íslandslyftur ehf
Íslandssjóðir hf
Íslenskt sjávarfang ehf
Lakkskemman ehf
Lín design
Loft og raftæki ehf
Lokasjóður ehf
Mannrækt og menntun ehf s: 899 7999
Merkjaholt ehf
MHG verslun ehf
Nobex ehf
NTV - Promennt ehf
Nýtt hús ehf
Rafefling ehf
Rafsetning ehf
Rafvirkni ehf
Rakrastofan Herramenn
RAMIS ehf
S. Grétarsson ehf
Sjúkraþjálfun Íslands ehf
Space hárstofa
Sport-Tæki ehf
Útfararstofa Íslands ehf
Vestkraft ehf
Vikurverk ehf
Zenus gluggatjöld
Önnu Konditorí slf

GARÐABÆR
AH Pípulagnir ehf
Dráttarbílar vélaleiga ehf
Engilbert ÓH Snorrason tannlæknastofa sf
Fagval ehf
Garðabær
Geislatækni ehf - Laser þjónustan
Hásandur ehf
Icwear
iamhappy.is
Kerfóðrun ehf
Loftorka Reykjavík ehf
Nordic Luxury ehf
Ungmennafélagið Stjarnan, Stjórnuheimilinu
Val - Ás ehf

HAFNARFJÖRDUR
Aflhlutir ehf
Arnfríður Sigurgeirsdóttir
Barkasuða Guðmundar ehf
Bílaverk ehf bílamálin og réttingar
Blikkhella ehf
Blikksmiði ehf, s: 5654111
Boðunarkirkjan.is
Útvarp Boðun FM 105,5 og FM 104,9 Akureyri
Byggingafélagið Sandfell ehf
Colas Ísland
Dverghamrar ehf
EO-Tréverk sf
EMO ehf
Fjarðarmót ehf
G.S. múrverk ehf
GC Rieber Minerals ehf
Gröfupjónusta Grafa og grjótt ehf
GÞG ráðgjöf slf-Íslenskir endurskoðendur
Hafnarfjarðarhöfn
Hagsuða ehf
Hagtak hf
Hamraborg ehf
Hamrafell ehf
H-Berg ehf
Holtanesti
Hólmasker ehf

Ísblik ehf
Íslenskir endurskoðendur/ráðgjöf ehf
Ísrör ehf
Krossborg ehf
Krydd Veitingahús
Netorka hf
Nonni Gull
Prókúra bókhaldsstofa
Reikningar og ráðgjöf ehf
Smíðaverk ehf
VELLIR bókhaldsþjónusta ehf
Verktækni
Williams & Halls ehf

ÁLFTANES

Brynjólfur Sigurðsson ehf
Lionsklúbburinn Seyla
Útgerðarfélagið Berg ehf

REYKJANESBÆR

Benni pípari ehf
Bílasprautun Magga Jóns ehf
CampEasy ehf
DMM Lausnir ehf
Efnalaugin Vík ehf
Ferðaðjónusta Reykjaness ehf
Félaginn ehf
geoSilica Iceland ehf
Háþípan ehf
JeES ARKITEKTAR ehf
Júlíus Helgi Einarsson
Kalka sorpeyðingarstöð sf
Nettó
OSN Iagnir ehf
Pulsuvagninn í Keflavík
Ráin, veitingasala
Rétt sprautun ehf
Sigurjónsbakari
Skólar ehf
TM Bygg ehf
Toyota Reykjanesbæ
TSA ehf
Útferðarþjónusta Suðurnesja

GRINDAVÍK

Einhamar Seafood ehf
Lagnarþjónusta Þorsteins ehf
Veðafærarþjónustan ehf
Vísir ehf

SUÐURNESJABÆR

Amp rafverktaki ehf
ÁÁ verktakar ehf
SI raflagnir ehf
Vélsmiðja Sandgerðis ehf

MOSFELLSBÆR

Afttak ehf
Álguggar JG ehf
bílalokkun.is - kopsson.is
Byggingafélagið Bakki ehf
Dalsgarður ehf, gróðrarstöð
Draumagolf ehf
Dynkur ehf
Gluggatækni ehf
Malbikstöðin ehf
MIG Verk ehf
Mosfellsbakari
Nonni litli ehf
VGH-Mosfellsbæ ehf

AKRANES

Apótek Vesturlands ehf
Hvalfjarðarsveit
Tannlæknastofan 2Gómar ehf
Trésmiðjan Akur ehf
Vogir ehf

BORGARNES

Akurholt ehf - Veiðihúsið við Haffjarðará
B. Björnsson ehf
Blómasetrið - Kaffi kyrrð
Borgarbyggð
Búvangur ehf
Ferðarþjónustan Húsafelli ehf
Snorrastaðabúið slf
Solo hársnyrtistofa sf

GRUNDAFJÖRÐUR

Dvalarheimilið Fellaskjól
Kirkjufell Hotel
Rútuferðir ehf
þjónustustofan ehf

HELLISSANDUR

Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga
Guðbjartur SH-45
Ingjaldshólssókn
KG Fiskverkun ehf
Sjávartíðan Rífi hf
Skarðsvík ehf
Útnes ehf

BÚÐARDALUR

Rafsel Búðardal ehf

ÍSAFJÖRÐUR

Ferðarþjónustan í Heydal
Ísblik ehf
Orkubú Vestfjarða ehf
Smali ehf
Þrymur hf,vélsmiðja

HNÍFSDALUR

Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf

BOLUNGARVÍK

í minningu Antons Rúnars Helgasonar
Rafverk AG ehf
Sigurgeir G. Jóhannsson ehf

SÚÐAVÍK

Súðavíkurhreppur

SUÐUREYRI

Fiskvinnslan Íslandssaga hf

PATREKSFJÖRÐUR

Eyfaraf ehf
Hotel West - hotelwest.is

BÍLDUDALUR

Hafkalk ehf
Lás ehf

STAÐUR

Kvenfélagið lðunn

DRANGSNES

Hveravík ehf

HVAMMSTANGI

Kaupfélag Vestur-Húnavetninga

BLÖNDUÓS

Ísgel ehf
Sörlatunga ehf

SKAGASTRÖND

Vík ehf

SAUÐÁRKRÓKUR

Aldan - stéttarfélag
Byggðastofnun
Doddí málari ehf
Dögun ehf
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra
Íónsveinafélag Skagafjarðar
Þrekspor ehf

SIGLUFJÖRÐUR

JE Vélaverkstæði ehf
Selvík ehf

AKUREYRI

Almenna lögbjónustan ehf
Arte rakarastofa
Bífreiddaverkstæði Bjarnhéðins ehf
Bútur ehf
Eining-löja
Enor ehf
Framtal sf
Geimstofan ehf, auglýsingastofa
Grófargil ehf
Hagvís ehf
Herradeild JMJ
Index tannsmíðaverkstæði ehf
Keahótel ehf
Ljósko ehf
Matur og Mörk ehf
Medulla ehf
Molta ehf
Rafeyri ehf
Rafmenn ehf
Rafós ehf
Raftákn ehf - Verkfræðistofa
S.Guðmundsson ehf, múrverktaki
Tannklíníkin
Tannlæknastofa Árna Páls
Toyota Akureyri
Veitingastaðurinn Krua Siam

DALVÍK

Dalvíkurkirkja
EB ehf
Híðylamálun,málningarþjónusta ehf
Sæplasta Iceland ehf

HÚSAVÍK

Fjallalásyn Rúnars Óskarssonar ehf -
fjallasyn.is
Norðurþing

TJÖRNESHREPPUR

Trésmiðjan Rein ehf

MÝVATN

Hlíð ferðarþjónusta ehf
Kaffihúsið við Dimmuborgir

KÓPASKER

BR tannlæknar slf
Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi

ÞÓRSHÖFN

B.J. vinnuvélar ehf

VOPNAFJÖRÐUR

Sundleið ehf

EGILSSTAÐIR

Gistihúsið - Lake Hotel Egilsstaðir
Gunnarsstofnun
HEF veitur ehf
Héraðsprent ehf
Kaskó ehf
Kjöt- og fiskbúð Austurlands
Klausturkaffi ehf
Menntaskólinn á Egilsstöðum
Tréiðjan Einir ehf
Ylur hf

REYÐARFJÖRÐUR

Bakkagerði ehf
Fjarðaveitingar ehf
Launafl ehf

ESKIFJÖRÐUR

Egersund Ísland ehf
Fjarðarþrif ehf

NESKAUPSTAÐUR

G.Skúlason vélaverkstæði ehf
Samvinnufélag útgerðamanna
Verkmenntaskóli Austurlands

HÖFN Í HORNAFIRÐI

AJTEL ICELAND ehf
Birkifell ehf - Birkifelli
Klífa ehf, Gistiheimilið Gerði
Pakkhús - veitingar
Ögmund ehf

SELFOS

Bífreiddaverkstæðið Klettur ehf
Fræðslunetið - símenntun á Suðurlandi
Gróðrarstöðin Ártangi ehf
Gróðrarstöðin Storð ehf
Jáverk ehf
Jóhann Helgi & Co ehf
K.Þ Verktakar ehf
Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps
Mika Restaurant
Mömmumatur.is
Prentverk Selfoss ehf
SG hús ehf
Stálkrókur ehf
Stíflupjónusta Sævars ehf
Súperbygg ehf
Súperlagnir ehf, sími: 664 8892
Tannlæknarþjónustan.is, s: 482 3333
Ullarverslunin Þingborg ehf
Útferðarþjónustan Fylgd ehf
Vatnsholt ferðarþjónusta
Verkfræðistofa Guðjóns

HVERAGERÐI

Flóra garðyrkjustöð
Hveragerðisbær
Kjörís ehf
Múrþjónusta Helga Þorsteinssonar ehf

ÞORLÁKSHÖFN

Sveitarfélagið Ölfus
Þorlákskirkja - Skálholtsbraut

ÖLFUS

Eldhestar ehf
Gjúfurbústaðir ehf

HVOLSVÖLLUR

Ferðarþjónustan Hellishólum ehf
Kvenfélagið Freyja
Rangárþing eystra
Seljaveitingar við Seljalandsfoss
Smári S ehf
Torf ehf
Viðskiptarþjónusta Suðurlands

VÍK

Hótel Búrfell
Mýrdælingur ehf
RafSuð ehf

KIRKJUBÆJARKLAUSTUR


Hótel Klaustur - Bær ehf
Skaftárhreppur

VESTMANNAEYJAR

Bífreiddaverkstæði
Bíla- og vélaverkstæðið Nethamar ehf
Bílaferkstæði Sigurjóns
Bókasafn Vestmannaeyja
Bragginn sf, bílaferkstæði
Eyjablikk ehf
Hótel Vestmannaeyjar
Ísfélag hf,Guðmundur Jóhann Árnason
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja
Miðstöðin Vestmannaeyjum ehf
Póley ehf
Teiknistofa Páls Zóphóníassonar ehf

Gjöf sem gefur

Gjöf sem gefur



Framtíðarsjóður

Sem þiggiandi þessa gjafabréfs tryggir þú ungmenni á Íslandi til náms.

Gjafabréf þetta er gjöf sem gefur. Kaupandi þess ákvað að gefa þér þá gjöf að styrkja verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar á Íslandi. Ungmennir sem búa við efnislegan skort fá stuðning svo þau geti stundað nám á framhaldsskólastigi.

Stuðningurinn gerir þeim kleift að ljúka námi til stúdentsprófs, sveinsprófs eða annars sem veitir þeim starfsréttindi eða opnar þeim leið til háskólanáms. Ungu fólkið fær aðstoð við að kaupa námsgögn, greiða skólagjöld eða annað sem gæti orðið efnaminni nemendum hindrun í að ljúka námi.



Gjöf sem gefur



Vatn

Sem þiggiandi þessa gjafabréfs tryggir þú fjölskyldu sem býr við sára fátækt ekki bara vatn heldur líka tækifæri til betra lífs.

Gjafabréf þetta er gjöf sem gefur. Kaupandi þess ákvað að gefa þér þá gjöf að styrkja verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Epióplu. Vatnsskortur, landrof og eyðimerkumyndun einkenna landsvæðð sem fjölskyldan býr á í Sómalíykí.

Með brunni eða vatnspró fyrir regnvatn er aðgengi að heilnæmu vatni aukið svo um munar og þá verður heilsan betri. Þegar fjölskyldan getur brynt öryrum og veitt vatni á ræktarlend eykur hún fæðuöryggi sitt og smám saman verður lífsafkoman betri.

Gjöf sem gefur



Húsaskjól

Sem þiggiandi þessa gjafabréfs tryggir þú barni þak yfir höfuðið og tækifæri til betra lífs.

Gjafabréf þetta er gjöf sem gefur. Kaupandi þess ákvað að gefa þér þá gjöf að styrkja verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Úganda. Í sveitinni njóta börn sem hafa misst foreldra úr aluðri stuðnings svo þau fái lífað mannaæmandi líf.

Nýtt múrsteinshús gefur ekki bara skjól, það gefur stolt, bjartsýni og von um að nú verði allt auðveldara og betra. Húsið er múrholðað og skordýr verpa ekki í holum í veggjum eins og í molderkólanum. Af búnljónspákinu stáð þess að það streymi inn í þurkatmanninn í saman verður lífsafkoman betri.



Gjöf sem gefur



Geit

Sem þiggiandi þessa gjafabréfs tryggir þú barni næringarrika fæðu og tækifæri til betra lífs.

Gjafabréf þetta er gjöf sem gefur. Kaupandi þess ákvað að gefa þér þá gjöf að styrkja verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Úganda. Í sveitinni njóta börn sem hafa misst foreldra úr aluðri stuðnings svo þau fái lífað mannaæmandi líf.

Fjölskylda sem á geitastofn nýtur virðingar í samfélaginu. Suma kúlinga má selja á markaði, aðra má nota til að stækka bústofnin enn frekar og svo er hægt að borða kjötið og njóta skinnis. Smám saman verður lífsafkoman betri.

